

64°43'7 N og 24°26'0 V og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skorarvita.

2. Fyrir Suðvesturlandi á svæði sem að austan markast af 21°V, að sunnan af 63°05'N og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesaukavita.

3. gr.

Frá kl. 20.00 9. apríl til kl. 10.00 24. apríl 2000 eru allar veiðar bannaðar innan þriggja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi austur frá Stokksnesi.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-3. gr. eru veiðar á grásleppu, innfjarðarækju, hörpudiski ígulkerum og kúfiski heimilar þeim sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

Þá er og heimilt að stunda rauðmagaveiðar á grynna vatni en 10 föðmum á innanverðum Faxaflóa, innan línu sem dregin er frá Markakletti á Hraunsnesi vestan Straumsvíkur, í 6-baujuna, þaðan í Brekkuboðabauju og síðan um Andriðsey í land.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. febrúar 2000.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að hámarkshraði verði 30 km/klst. á eftirtöldum götum:

- |                               |                                 |
|-------------------------------|---------------------------------|
| 1. Brúnir:                    | Austurbrún                      |
| Kleppsvegur austan Dalbrautar | Vesturbrún                      |
| Sporðagrunn                   | Dyngjuvegur                     |
| Selvogsgrunn                  | Hólsvegur vestan Langholtsvegur |
| Jökulgrunn                    | Dragavegur                      |
| Brúnavegur                    | Ásvegur                         |
| Kleifarvegur                  | Kambsvegur                      |
| Norðurbrún                    | Hjallavegur                     |

- |  |  |
|--|--|
| <p>Kleppsvegur milli Sæbrautar og Langholtsvegur<br/>(Innkeyrsla frá Sæbraut að bensínstöð)</p> <p>2. Vogar:<br/>Gnoðarvogur austan Skeiðarvogs<br/>Langholtsvegur sunnan Skeiðarvogs<br/>Ferjuvogur<br/>Snekkjuvogur<br/>Karfavogur<br/>Eikjuvogur<br/>Barðavogur</p> <p>3. Gerði austan Réttarholtsvegur:<br/>Sogavegur austan og sunnan Réttarholtsvegur<br/>Langagerði<br/>Hamarsgerði<br/>Borgargerði<br/>Rauðagerði<br/>Ásgarður<br/>Tunguvegur<br/>Skógargerði<br/>Litlagerði<br/>Austurgerði<br/>Byggðarendi<br/>Ásendi<br/>Básendi<br/>Garðsendi</p> <p>4. Hörgsland og botnlangar:<br/>Hörgsland<br/>Gautland<br/>Geitland<br/>Giljaland</p> | <p>Goðaland<br/>Grundarland<br/>Hörðaland<br/>Hulduland<br/>Hjallaland<br/>Helluland<br/>Haðaland</p> <p>5. Mýrar:<br/>Álftamýri<br/>Safamýri<br/>Starmýri</p> <p>6. Hagar og Melar:<br/>Starhagi<br/>Lynghagi<br/>Grímshagi<br/>Tómasarhagi<br/>Kvisthagi<br/>Fornhagi<br/>Neshagi<br/>Hjarðarhagi<br/>Dunhagi<br/>Melhagi<br/>Arnargata<br/>Prastargata<br/>Fálkagata<br/>Smyrilsvegur<br/>Furumelur<br/>Espimelur<br/>Viðimelur austan Hofsvallagötu<br/>Reynimelur austan Hofsvallagötu<br/>Grenimelur austan Hofsvallagötu<br/>Hagamelur austan Hofsvallagötu</p> |
|--|--|

Auglýsing þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 1. febrúar 2000.*

**Böðvar Bragason.**